

**Ed.**

**315. Nefndarótt**

um frv. til laga um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, hefir áður verið fyrir háttv. Nd. og borið þar fram af þm. N.-Ísf. og þm. Ísafjarðarkaupstaðar eftir eindregnum óskum og áskorunum beggja hlutaðeigenda, íbúa Hólssóknar (Bolvíkinga) og íbúa Ísafjarðarsóknar (Ísfirðinga og Hnífsdælinga).

Í greinargerð frv. á þskj. 79 er glögglega sýnt fram á rjettmæti þeirrar kröfu, að þessu viðáttumikla, veglausa og jafnframt fjölmenna prestakalli, Ísa-

fjarðarprestakalli, sje skift í tvö prestaköll. Og virðist því sem nægja megi hjer að visa til þess.

Eins og sjá má af greinargerðinni, voru í Ísafjarðarsókn 2848 manns og í Hólssókninni 935 manns árið 1920. Og þótt fólki kunni ekki að hafa fjölgað jafnört í þessum bygðarlögum sem ýmsum öðrum kaupstöðum, kaup-túnnum eða sjávarplássum á síðustu árunum, þá má þó telja vist, að á hvorum-tveggja staðnum hafi því frekar fjölgað en fækkað síðan 1920.

Það er því bert, að þótt hinu núverandi Ísafjarðarprestakalli væri skift eftir sóknnum í tvö prestaköll, þá yrðu þau samt sem áður, hvort um sig, með fjölmennustu prestaköllum landsins. Annað þeirra 3. eða 4. og hitt 11. eða 12. í röðinni, að því er fólksfjöldi snertir. Í hvorutveggja þessara presta-kalla mundi þar af leiðandi einn prestur hafa ærið nóg að starfa og meira en í flestum öðrum prestaköllum landsins.

En það, sem þó gerir sundurskiftingu þessa prestakalls óhjákvæmilega, er samt sem áður ekki aðallega fólksfjöldinn í hvorri sókninni um sig, heldur hin afarhættulega og erfiða leið, sem er á milli þeirra og engan veginn er unt úr að bæta. Og með tilliti til þessa er það, að tveir nefndarmannanna (þm. Seyðf. og 5. landsk. þm.), sem báðir líta yfir höfuð svo á, að prestum ætti frekar að fækka en fjölga, geta þó verið sammála hinum þriðja nefndar-manni (1. þm. Rang.) um það, að leggja það til, að háttv. deild samþykki óbreytt frv. það, sem hjer ræðir um.

Alþingi, 7. apríl 1925.

Jóh. Jóhannesson,  
form.

Jónas Jónsson.

Eggert Pálsson,  
fundaskr. og frsm.